

Fréttir um upplýsingatækni frá Áhættuþjónustu Deloitte hf.

Áhættuþjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan endurskoðunarviðs Deloitte hf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Virinn er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa.

Wikileaks lekur líka:

Flestir hafa tekið eftir að óritskoðuð gögn frá Wikileaks láku út fyrir skemmstu. Ásakanir milli Wikileaks og Guardian um hver beri ábyrgð hafa fylgt í kjölfarið. Hvað var það sem fór úrskeiðis? Bruce Schneider tekur þetta ágætlega saman og má segja að við fyrstu sýn hafi varðveisla þessara viðkvæmu gagna hjá Wikileaks og Guardian verið í lagi. Þó dulritun hafi verið notuð og lykilorðið hafi verið langt er ekkert sem getur bjargað því ef lykilorðið er gefið út í bók og eintak af dulrituðu skránni var í dreifingu á jafninganeti (BitTorrent) m.a. sem hluti af speglunarskrá Wikileaks vefsins. Eftirleikurinn var einfaldur og kennir þetta manni að þó maður haldi að lykilorð séu orðin úrelt og gagnslaus þá á ekki að gefa þau upp! [Meira](#)

DigiNotar – Hvað kom fyrir?

Þann 19. júlí er brotist inn í DigiNotar, hollenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í að gefa út rafræn skirteini fyrir heimasíður. Í fyrstu var talið að einungis hefðu fáein fölsuð skirteini verið gefin út en síðar kom í ljós að rúmlega 200 slík skirteini voru í umferð. DigiNotar viðurkenndu þó ekki strax að brotist hefði verið inn hjá þeim heldur reyndu að laga vandann áður en málið yrði opinberað. Það tókst ekki og mikil reiði greip um sig þegar málið var opinberað sem var ekki fyrr en í ágúst. Hollenska ríkið var hins vegar ekki lengi að grípa til aðgerða og tók yfir rekstur DigiNotar mjög fljótt. Það þarf þó vart að taka fram að þegar fyrirtæki sem á að sjá um að gefa út rafræn skilríki bregst með þessum hætti er allt traust horfið og DigiNotar nafnið mun ekki vera notað framvegis nema sem víti til varnaðar. [Meira](#)

DigiNotar – En hvað merkir þetta?

Rafrænu skilríkin sem DigiNotar var notað til að gefa út áttu að segja vöfrum að þeir gætu treyst því að vefsíður séu þær sem þær segjast vera. Þetta er helst notað þegar um er að ræða dulritaðar síður sem ekki er ætlast til að óviðkomandi geti þótt vera, til dæmis bankasíður eða vefpóstur. Til að mynda er Gmail að notast við skilríki frá Thawte SGC CA (Certificate authority) og það í gildi til 18. desember á þessu ári. Þegar skilríki eru gefin út frá útgefanda af óviðeigandi aðilum er ekki lengur hægt að treysta þeim skilríkjum sem gefin eru út af þeim aðila. Það er það sem hefur gerst í tilviki DigiNotar [Meira](#)

DigiNotar – En hver er sekur?

Eftir innbrotið í DigiNotar var farið í að reyna að komast að því hver hefði verið að baki. Komið hefur í ljós að öryggi var ábótavant hjá fyrirtækinu. Þá hefur einnig komið í ljós að meira en 99% af skilríkjum sem gefin voru út voru notuð í Íran. Talið er að skilríkin hafi m.a. Verið notuð af írönskum stjórnvöldum til að njósna um þegna sína. Íranir sem halda að þeir séu að skoða og eiga samskipti á öruggum vefsíðum gætu þannig síðar komist að því að stjórnvöld séu að njósna um þá. Ljóst er að þetta atvik mun hafa áhrif á hvernig við metum það öryggi sem dulritaðar vefsíður eiga að gefa okkur í samskiptum á netinu. [Meira](#)

"Deloitte" is the brand under which tens of thousands of dedicated professionals in independent firms throughout the world collaborate to provide audit, consulting, financial advisory, risk management, and tax services to selected clients. These firms are members of Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), a UK private company limited by guarantee. Each member firm provides services in a particular geographic area and is subject to the laws and professional regulations of the particular country or countries in which it operates. DTTL does not itself provide services to clients. DTTL and each DTTL member firm are separate and distinct legal entities, which cannot obligate each other. DTTL and each DTTL member firm are liable only for their own acts or omissions and not those of each other. Each DTTL member firm is structured differently in accordance with national laws, regulations, customary practice, and other factors, and may secure the provision of professional services in its territory through subsidiaries, affiliates, and/or other entities.

Nánari upplýsingar um þjónustuframboð Deloitte á sviði upplýsingakerfa og upplýsingaöryggis veitir:

Tryggvi R. Jónsson
GSM: 860-3177



tryggvi.jonsson@deloitte.is